

Ed.

319. Nefndarátt

um frumvarp til laga um gjöld til holræsa og gangstjetta á Akureyri.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefndin hefir athugað frumvarp þetta og borið sig saman við flutningsmann þess. Hefir þótt nægilegt, að lögtaksrjettur fylgdi skatti þeim, sem frumv. heimilar bæjarstjórn að leggja á lóðir á Akureyri fyrir holræsagerð og gangstjetta, en að lögveð það í húsum og lóðum, sem um ræðir í 3. gr., komi þá að eins til, er bæjarstjórn hefir orðið að láta framkvæma skyldustörf, sem lögð eru á bæjarbúa í 1. gr. frumv. fyrir húseigenda hönd á kostnað þeirra. Nefndin leyfir sjer því að leggja það til, að samþykktar verði eftirfarandi

BREYTINGAR

við frumvarpið.

1. Aftan við 1. gr. frumvarpsins bætist:

Fyrir öllum kröfum, sem bæjarstjórnin öðlast á hendur húseigendum og lóðareigendum, samkvæmt framansögðu, hefir bæjarsjóðurinn lögveð í húsinu eða lóðinni, og gengur sá veðrjettur fyrir öllum veðskuldum eftir samningi.

2. 3. grein frumv. falli burt.

3. 4. gr. frumv., sem verður 3. gr., orðist svo:

Lögtaksrjettur fylgir öllum kröfum og gjöldum samkvæmt lögum þessum.

Alþingi, 3. ágúst 1917.

Magnús Torfason,
form.

H. Hafstein,
ritari.

Kristinn Daníelsson.